



**Nýársávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
1. janúar 2017**

Góðir Íslendingar, gleðilegt ár!

Við hjónin óskum ykkur öllum farsældar á nýju ári. Í fyrsta sinn flyt ég ykkur nú ávarp á þessum degi, búinn að gegna embætti forseta Íslands í fimm mánuði. Þótt skammt sé um liðið er margs að minnast þegar litið er um öxl. Ég þakka öllum sem studdu mig og hvöttu til dáða í framboði til forseta síðastliðið sumar. Öðrum frambjóðendum þakka ég fyrir þeirra þátt og forverum mínum, Vigdísi Finnbogadóttur og Ólafi Ragnari Grímssyni, þakka ég hlýhug og góð ráð.

Rúm sjötíu ár eru liðin síðan lýðveldi var stofnað á Íslandi og þjóðhöfðingi kjörinn. Þá var lagður sá grunnur sem hefur staðist tímans tönn: Forseti Íslands á að vera fulltrúi og málsvari allra Íslendinga, allra sem búa á þessu landi. Enginn er stærri en embættið sjálft. Hver forseti hefur þó mótað embættið með sínum hætti, innan ramma laga, hefðar og tíðaranda.

Hér á Bessastöðum er flest í föstum skorðum. Að vísu hafa glöggir áhorfendur kannski tekið eftir því að vegginn fyrir aftan mig prýðir núna annað málverk en þar var áður, Flugþrá Jóhannesar Kjarvals. Það verk málaði hann á löngu árabili og vann út frá hinni grísku goðsögu um Ledu og svaninn. Með nafninu Flugþrá minnir Kjarval okkur líka á sterka löngun manna að ná herra og lengra, af metnaði og stórhug.

Gaman er líka að geta þeirrar breytingar að heimasíða embættis forseta Íslands hefur verið endurnýjuð frá grunni. Í upphafi var sú síða markverð nýjung, öflug fréttaveita sem varð öðrum í stjórnkerfinu kannski fyrirmynd að einhverju marki. Slóðin er sú sama og fyrr, forseti.is en nú er unnt að tengja upplýsingar þar við samfélagsmiðla og færa fregnir með nútímalegra yfirbragði en áður. Síðar á þessu ári mun landsmönnum jafnframt gefast kostur á að heimsækja Bessastaði án þess að hafa beinlínis fengið um það boð. Á síðunni nýju mun fólk geta skráð

sig í kynnisferð um þjóðhöfðingjasetrið til að fræðast um þennan merka stað í sögu okkar og samtíð.

Kæru landar: Síðustu mánuði hef ég fundið hve mikla virðingu Íslendingar bera fyrir embætti forseta Íslands, hversu mikils þeir meta þessa tignar- og áhrifastöðu í stjórnskipun landsins. Um leið ætlast fólk til þess að forsetinn telji sig ekki yfir aðra hafinn. Við Íslendingar höfum einmitt notið þess – og jafnvel stært okkur af því – að þjóðhöfðingi lýðveldisins geti gengið manna á meðal, þurfi ekki sífellt að vera á varðbergi.

Á fyrri hluta nítjándu aldar var Bjarni Thorarensen amtmaður á Norður- og Austurlandi, dómharður við lítilmagnann en þótti líka gleðimaður mikill. Í veislum og samkvæmum átti hann það til að kasta af sér embættisbúningi og fara í venjuleg föt, frelsinu feginn. Viðhorf hans til valda og tignar má jafnframt lesa úr hinni þekktu „Selskapsvísu“ hans:

Ekki er hollt að hafa ból
hefðar upp á jökultindi,
af því þar er ekkert skjól
uppi, fyrir frosti, snjó né vindi.

Öllum er hollt að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Þau heilræði orðaði Helgi Björnsson svo í nýlegu dægurlagi:

Vertu þú sjálfur, gerðu það sem þú vilt.
Vertu þú sjálfur, eins og þú ert.
Láttu það flakka, dansaðu í vindinum.
Faðmaðu heiminn, elskaðu.

„Faðmaðu heiminn, elskaðu.“ Er það hægt um okkar daga? Nýliðið ár hefur fært mörgum eynd, ógnir og ótta. Fráleitt var árið þó als læmt og vissulega mætti finna önnur skeið í sögu mannkyns, verri og viðsjárverðari. En margt fór í fyrra á versta veg, sem skyggði á gleði yfir framförum og vonum um betri heim. Í okkar álfu voru hryðjuverk framin víða, í Brussel, Nice og nú síðast í Berlín á jólaföstudni. Í Aleppo á Sýrlandi voru saklaus börn og aðrir borgarar fórnarlömb mannvonsku og miskunnarlauss valdatafls. Víða annars staðar er vargöld þótt kastljósi fjölmiðla sé ekki beint að þeim hörmungum. Á stjórnmalasviðinu urðu líka straumhvörf sem aukið hafa á óvissu. Er þá einkum átt við úrslit forsetakjörs í Bandaríkjunum og væntanlega úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu.

Hvernig mun okkur Íslendingum reiða af í hörðum heimi? Þegar lýðveldið var stofnað árið 1944 orti Hulda – Unnur Benediktsdóttir Bjarklind – verðlaunaljóðið „Hver á sér fegra föðurland?“ Seinni

heimsstyrjöldin var í algleymingi. Sjómenn lögðu sig í hættu við að færa Bretum björg í bú – báðir afar mínir sigldu í stríðinu – og á þriðja hundrað Íslendingar týndu lífi í hildarleiknum. Samt vorum við mun betur í sveit sett en flestar aðrar þjóðir, eins og Unnur rakti í kvæði sínu:

Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.

Og áfram kvað skáldið:

Hver á sér meðal þjóða þjóð,
er þekkir hvorki sverð né blóð
en lifir sæl við ást og óð
og auð, sem friðsæld gaf?

Okkar auður byggist ekki aðeins á friðsæld, sem verður reyndar ekki metin til fjár. Nei, hann veltur ekki síst á því að geta stundað frjáls viðskipti við önnur ríki, að mega ferðast og menntast víða, búa erlendis og koma heim, bjóða öðrum að koma hingað og auðga okkar samfélag. „Íslands ástkær byggð“ – svo enn sé vitnað í meistaraverk Huldu – á sér aðeins farsæla framtíð í frjálsum heimi. Stofnun lýðveldis hefði verið til lítils ef veröldin í kringum okkur hefði áfram brunnið í eldi átaka. Rétt eins og þá þurfum við nú að leggja okkar af mörkum. Rétt eins og þá erum við herlaus þjóð en við getum þó lagt okkar skerf til baráttunnar við þau öfl sem helst ógna friðsæld í okkar álftu, öfga- og haturshreyfingum sem engu eira. Aldrei má okkur þó verða sama hvar reiði okkar kemur niður. Áformað er að taka snemma á þessu ári á móti um fjörutíu flóttamönnum frá Sírylandi. Megi þeim auðnast að finna hér friðsælt býli, langt frá heimsins vígaslóð.

Samfélag okkar var lengi einsleitt. Á þetta minntist ég í innsetningarræðu minni í ágúst síðastliðnum, að ekki væri svo langt síðan nær allir Íslendingar voru í þjóðkirkjunni og öðrum kristnum trúfélögum, hvítir á hörund, áttu íslensku að móðurmáli og báru auðsýnilega íslenskt nafn. Þetta er liðin tíð sem kemur ekki á ný. Framfarir um okkar daga byggjast á fjölbreytni; flæði hugmynda og fólks um víða veröld. Um leið verðum við þó ætíð að tryggja og vernda grunnildi okkar; réttarríki og velferðarsamfélag þar sem mannréttindi eru í hávegum höfð, jafnrétti kynjanna, trúfrelsi og ástfrelsi, málfrelsi og menningarfrelsi.

Sömuleiðis væri heillaráð að kynna fyrir þeim sem hér vilja setjast að þau þjóðareinkenni sem hafa hjálpað okkur að komast af á hinu harðbýla landi okkar: þrautseigju og þrjúsku, samstöðu þegar þörf krefur en sundurlyndi þess á milli, og þá blöndu af agaleysi og æðruleysi sem kemur okkur í vandræði en út úr þeim aftur – og má draga saman í orðtakinu góða: „Þetta reddast.“

Síðar í þessum mánuði höldum við hjónin í opinbera heimsókn til Danmerkur. Þar hafa innflytjendur sett sinn svip á samfélagið, við Íslendingar þar með taldir. Mörgum hefur gengið vel að laga sig að dönskum reglum og siðum, öðrum ekki. Um þau efni fjallaði Margrét Danadrottning í nýársávarpi sínu fyrir réttum áratug, laust eftir Múhameðskrísuna svonefndu sem blossaði upp eftir að Jótlandspósturinn birti skopteikningar af Múhameð spámanni. „Enginn skyldi vænta þess,“ sagði drottning, „að þeir sem flytja til nýrra heimkynna, til framandi lands, skuli þá þegar varpa fyrir róða allri sinni arfleifð.“ Um leið minnti hún þó á að borgararnir nýju yrðu að virða lög og gildi síns nýja samfélags. Þetta eru skynsamleg sjónarmið.

Í Kanada, fæðingarlandi Elizu konu minnar, voru landar okkar líka í hópi innflytjenda á sinni tíð. Þeim var ekki alltaf tekið opnum örmum frekar en ýmsum öðrum. Um okkar daga þykir samlögun hins vegar hafa heppnast mjög vel í Kanada, sambúð fólks af ólíkum uppruna sem talar ýmis tungumál og aðhyllist mismunandi trúarbrögð. „Við höfum sýnt hvernig samfélagið styrkist við það að fá nýja íbúa frá öllum heimsins hornum,“ sagði forsætisráðherra Kanada, Justin Trudeau, nýlega – á fundi með borgarstjóranum í Lundúnum, Sadiq Khan.

Góðir Íslendingar! Hver er sinnar gæfu smiður. Þetta gamla máltæki meitlar í orð hvernig örlög og frjáls vilji fléttast saman, því setningin gæti líka orðið að spurningu: Hver er sinnar gæfu smiður? Forlagatrú má víða finna í sagnaarfi okkar. „Það mun verða fram að koma sem ætlað er,“ segir í Njáls sögu. Sömu hugsunar gætti löngu síðar í skáldskap Davíðs Stefánssonar sem orti: „Í þröngum forlagafjötrum fæðumst við öll.“

Vissulega mótast líf okkar af því umhverfi sem okkur er búið, ákvörðunum annarra, atburðum sem við getum ekki séð fyrir. Snemma á nýliðnu ári hittumst við tveir, ég og gamall bekkjarbróðir úr menntaskóla, báðir ánægðir í leik og starfi. Næst frétti ég af honum á sjúkrahúsi milli heims og helju eftir óvænt reiðarslag. Misskipt er manna lán. En samt erum við ekki þrælar örlaganna. „Það er hverjum manni boðið að leita sér lífs meðan kostur er,“ sagði Kári Sölmundarson við Skarphéðin í brennuni og komst undan á hlaupum. Á sínum tíma orti Sigurður Breiðfjörð jafnframt þessa stöku um frjálsan vilja fólks:

Lát ei kúgast þanka þinn
þá er efni vandast.
Þú skalt fljúga á forlögin,
fella þau og standast.

Vinur minn komst yfir áfall sitt en missti að nokkru mátt og dvaldist meginhluta ársins á sjúkrastofnunum. Mér varð á að spyrja hann hvort hann þyrfti síðan lyftu til að komast milli hæða í húsi sínu. „Ég þarf enga

fjandans lyftu,“ sagði hann hægt, með þunga í hverju orði, og glotti eins og Skarphéðinn forðum.

Prautseigja og þrjóska, það eru mannkostir. Miklu skiptir hvernig við mætum mótlæti en ekki síður hvernig okkur er gert kleift að takast á við duttlunga örlaganna og misjafna skiptingu lífsins gæða. Við skólabræðurnir hittumst fyrst í framhaldsskóla ásamt öðrum bekkjarsystkinum, komum hvert úr sinni áttinni. Sum voru af efnafólki komin, önnur ekki, sum áttu þjóðþekkta foreldra. Bakgrunnurinn skipti samt ekki sköpum. Sama máli gegndi um heilbrigðiskerfið þegar eitt okkar þurfti þjónustu þess til að leita sér lífs. Ríkidæmi skildi ekki milli feigs og ófeigs.

Ég hygg að flestir Íslendingar séu einhuga um þessar meginstoðir okkar samfélags, jafnan rétt allra til grunnmenntunar og lækninga, óháð efnahag. Sátt virðist líka ríkja um nauðsyn þess að heilbrigðis- og menntakerfi landsins standi undir nafni. Sé þannig að verki staðið er minni hætta en ella á því að fólk festist í fátækt og forlagafjötrum. Um leið eiga allir að geta spreytt sig, skarað fram úr, efnast, gert vel við sig og sína en galdið sanngjarnan skerf til samfélagsþarfa. Höfum þó í huga að aukin misskipting veldur sundrunu og spennu. Mannkyni mun aldrei farnast vel ef eitt prósent jarðarbúa á eins mikinn auð og hin 99 prósentin til samans. Ógn stafar af fjármagnsskipulagi sem örfáir stýra og tekur ekki mið af hagsmunum fjöldans. Þannig hafa Barack Obama Bandaríkjaforseti og vísindamaðurinn Stephen Hawking nýlega komist að orði og undir þessi sjónarmið má taka.

Það er nefnilega þannig að styrkur ríkis og þjóðfélags er ekki metinn eftir hagvexti eða þjóðarframleiðslu, vígbúnaði eða mannfjölda. Og þótt við fögnum afrekum samlanda okkar á sviði menningar, vísinda eða íþróttu eru þau ekki endilega til vitnis um kosti samfélagsins. Raunverulegur styrkur þess felst í því hversu vel er hlúð að sjúkum og öðrum sem þurfa á aðstoð að halda, fólki sem býr við fötlun eða þroskaskerðingu. Styrk samfélags má líka meta eftir því hvernig börnum er sinnt, hvernig búið er að öldruðum á ævikvöldi. Þetta eru allt saman mælikvarðar á lífsgæði, markmið sem skipta mestu í bráð og lengd. Í samanburði við mörg önnur ríki og okkar eigin fortíð megum við vel við una. En við getum ætíð gert enn betur.

Góðir Íslendingar: Snemma á þessari öld orti Bragi Valdimar Skúlason um nauðsyn þess að njóta hverrar stundar vegna þess að við vitum aldrei hvað morgundagurinn ber í skauti sér:

Lítu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísunum að.

Við getum öll mótað eigið líf og samfélag eftir bestu getu, stefnt að því að vera okkar eigin gæfu smiðir, með sjálfsögðum stuðningi annarra ef þurfa þykir. Ég færi ykkur öllum óskir um gott ár og gæfuríkt; ár dagnaðar og heilinda, einingar og framfara.